

Viðbrögð tengslanets við gagnrýni á fjármálastöðugleika Íslands

Pröstur Olaf Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, **David Schwartzkopf**, dósent við Bentley University og **Auður Arna Arnardóttir**, lektor við Háskólann í Reykjavík

Útdráttur

Félagsnetakenningin gerir ráð fyrir að þeir, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi flókinnna kerfa, hafi ástæðu til þess að verjast ef fram kemur gagnrýni á stöðugleika kerfanna. Vörnin getur tekið á sig form tengslanets sem erfitt getur reynst að komast í gegnum. Þessi rannsókn notar félagsnetafraeði til að varpa ljósi á það hvernig viðbrögð við gagnrýni á stöðugleika íslensku bankanna árið 2006 gerði gagnrýnendum og almenningi erfitt fyrir að fá raunsanna mynd varðandi stöðu íslensku bankanna. Tengslanetagreining rannsóknarinnar sýnir hvernig þeir, sem ábyrgir voru fyrir fjármálakerfinu, vörðust gagnrýni sem fram kom í skýrslu Danske Bank og hvernig flókið og þéttriðið „varnarnet“ varð til. Rannsóknin sýnir að þeir sem efuðust um stöðugleika íslensks fjármálakerfis þurftu að brjóta á bak aftur marga ólíka „verjendur“ og ólík rök þeirra. Rannsóknin nýtir tengslanetafraeði með breiðari hætti en gert hefur verið hingað til. Þannig er bæði framkvæmdaraðilum og eftirlitsaðilum sýnd leið til þess að greina tilurð „varnarneta“ sem mögulega hafa að markmiði að bægja burt gagnrýni á óstöðug kerfi. Jafnframt er komið með tillögur um hvernig megi auka gagnsæi í umræðu um flókin málefni sem skipta hagsmuni almennings máli.

Abstract

Actor-network theory suggests that those responsible for the operations of a complex system have reason to defend the idea of the system's stability in the face of challengers who suggest the system may have problems. One form this defence can take is the formation of a complex social network that makes it difficult for challengers' claims to be reasonably considered. This paper illustrates the formation or activation of such a network of Icelandic bankers, analysts, politicians, academics, business executives and newspapers, as well as their rational and emotional public arguments, in defence of the idea of the stability of the Icelandic banking system when challenged by the Danske Bank report of 2006. The analysis shows why it was difficult for the Danish challenge to receive a credible hearing among the Icelandic citizenry,



which meant that citizens had a difficult time getting a clear picture of what was happening in their community. This research also shows a wider application for actor-network theory than previously discussed in the literature and draws implications of network formation or activation for policy makers.

Inngangur

Reynslan af fjármálakreppunni 2008 kennir okkur að vandasamt getur verið að meta stöðugleika flókinna kerfa. Hluti vandans felst í því að almenningur upplifir aðeins daglega virkni þeirra. Svo lengi sem kerfi virka eins og almenningur reiknar með vakna síður spurningar um stöðugleika þeirra. Almennigur tekur því sem gefnu að kerfin séu stöðug, sem sést meðal annars á daglegri notkun almennings á kerfum eins og netbönkum og almenningssamgöngum. Hins vegar ef almenningur tekur að efast um að kerfi séu stöðug, þá kunna hagsmunaaðilar stöðugleikans að vinna að því að tryggja jákvæð viðhorf til kerfanna. Þeir sem eiga sitt undir tilvist og stöðugleika kerfa hafa augljósa hagsmuni af því að senda skýr skilaboð um að kerfin séu stöðug og þeim treystandi.

Þessi hagsmunagæsla er skiljanleg og líklega nauðsynleg til þess að samfélög virki sem skyldi. Erfiðleikar hefjast hins vegar þegar raunverulega óstöðug kerfi eru varin og sögð vera stöðug. Í stað þess að ráðast að rótum óstöðugleikans þá er tíma og orku þeirra, sem bera ábyrgð á tilvist kerfanna, varið í að verjast gagnrýni. Þeir aðilar verða verjendur kerfa sem þeir sjálfir áttu þátt í að hanna hvort sem þeir í raun trú á stöðugleika þeirra eða ekki. Félagsnetufræði (e. Actor network theory) varpar ljósi á hvaða birtingarmyndir slíkar varnir geta tekið og hversu erfitt getur reynst að vefengja stöðugleika kerfa (Callon 1986; Latour 2005; Law 2009). Í þessari rannsókn er stuðst við félagsnetufræði til að sýna fram á hvernig varnir af þessu tagi gerðu það erfitt – ekki aðeins fyrir almenning heldur einnig fyrir gagnrýnendur – að öðlast skýra mynd af því sem raunverulega fram fór í íslensku samfélagi í aðdraganda falls íslensku bankanna.

Með því að nota félagstengslagreiningu (e. Social network analysis) varpar rannsókn þessi ljósi á það með hvaða hætti ólíkir aðilar vörðust gagnrýni utanaðkomandi aðila á stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Rannsóknin sýnir hvernig ólíkar tegundir raka voru notaðar til varnar fjármálastöðugleika og mynduðu tengingar meðal ólíkra hópa samfélagsins. Jafnframt er varpað ljósi á hvernig tengsl urðu til milli ólíkra tegunda raka sem torveldaði mönnum innan sem utan Íslands að meta stöðugleika fjármálakerfisins. Rannsóknin greinir hvernig tengslin mynduðust og rekur þróun þeirra yfir 9 mánaða tímabil. Í rannsókninni er félagsnetufræði notuð vídtækar en áður hefur verið gert, með þeim hætti að sjálft tengslanetið er sýnt myndrænt. Jafnframt eru dregnar ályktanir af því hvaða áhrif tilurð tengslanetsins hafði fyrir eftirlitsaðila og aðra þá sem báru ábyrgð gagnvart almenningi.

Rannsóknin greinir viðbrögð sem birtust í íslenskum fjölmiðlum við skýrslu sem Danske Bank gaf út vorið 2006. Í skýrslu Danske Bank var varað við því að íslenska fjármálakerfið væri ekki eins traust og haldið var fram. Greining þessara viðbragða er

áhugaverð því hún getur varpað ljósi á það hvernig lítið samfélag bregst við utanað-komandi gagnrýni (Vaiman, Sigurjonsson og Davidsson, 2011). Gagnrýni Danske Bank var byggð á tölulegum rökum en líklega skópu fyrri tengsl Íslands og Danmerkur jafnframt grunn fyrir tilfinningaleg mótrök sem margir Íslendingar voru fljótir að tína til.

Í næsta kafla verður rætt um félagstengslafræði sem grundvöll þessarar rannsóknar. Því næst er fjallað í meginatriðum um gagnrýnina frá Danske Bank á stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Þá er rannsóknaraðferðin kynnt, svo greiningar og niðurstöður rannsóknarinnar. Í lokin er umræðukafla þar sem ályktanir eru dregnar og möguleikar á frekari rannsóknum ræddir.

Félagstengslafræði

Félagstengslafræði byggist á því að ekki sé hægt að skýra gangverk samfélagsins með því að greina félagslegar hugsmíðar þess sjálfs þar sem þær eru þegar hluti af því samfélagi sem skoðað er (Latour, 2005). Samkvæmt Latour ber því fremur að skoða atburði sem gerast innan samfélagsins og lýsa því hvernig þeir atburðir eru studdir af þátttakendum þess. Það er að segja, það þarf að skilja hvernig þátttakendur eða gerendur, eins og þeir verða kallaðir hér í greininni, mynda samfélag.

Þessi hugmynd um samsetningu samfélagsins kemur fram í nokkrum rannsóknum sem beinast að gangverki náttúruvísinda (sjá Latour, 1987, sem vitnar í Fleck, 1979, sem upphafsmann þessarar hugmyndafræði). Meðal niðurstaðna, sem þessar rannsóknir sýna, eru hugmyndir um þær leiðir sem vísindamenn nota til að túlka fyrirbæri og setja þær túlkanir því næst fram sem staðreyndir. Þær staðreyndir mynda svo aftur grunn fyrir frekari túlkanir og tilurð enn annarra staðreynda.

Félagstengslagreining hvílir á notkun fylkjareiknings og ferlafræða. Flestar af þeim mælingum sem framkvæmdar eru í þessari rannsókn greina hlutfall mögulegra tenginga eða stærða innan þýðis geranda. Tengslanet er klasi hluta og tenginga milli gerenda. Hlutir geta verið fólk, áþreifanlegir hlutir eða hugmyndir. Tengingarnar eru sambandið milli hlutanna. Mynd 1 og 2 hér á eftir og umræðan um þær myndir eru notaðar sem dæmi til að útskýra þetta nánar. Tengslanet, eins og hugtakið gefur til kynna, vísar til sambands innan samfélags. Nýverið hefur hugtakið verið notað um samskipti sem orðið hafa til við notkun nýrrar tækni (til að mynda hvernig tengslanet myndast með notkun Twitter). Notkunin á hugtakinu í þessari rannsókn er hins vegar víðtækari, þar sem tengslin geta myndast án notkunar nokkurrar tækni. Tengslanet er í þessum skilningi hluti af samfélagi og á sama tíma leið til að lýsa og greina samskipti milli einstaklinga og annarra hluta.

Rannsóknin styðst við félagstengslafræði með tvennum hætti. Annars vegar þá hugmyndafræði að þeir, sem tefla fram staðreynd, munu reyna að verja hana þar til hún verður það sem kallað er „svartur kassi“ (e. black box) – það er hugtak, hugmynd eða hugsmíð sem er svo erfitt að gagnrýna að lítið er á hana sem sanna (Latour, 1987). Hugtak, hugmynd eða hugsmíð verður „svartur kassi“ meðal annars þegar vísindamenn byggja rannsóknir sínar á rannsóknum annarra vísindamanna sem leiðir til þess að

erfitt reynist að gagnrýna eina staðreynd án þess að gagnrýna óbeint eldri staðreynd. Til að verjast því að staðreynd sé gagnrýnd mynda verjendur staðreynda tengslanet, það er tengsl milli verjenda verða til. Sá sem andmælir staðreynd þarf því ekki einvörðungu að gera það gagnvart núverandi talsmönnum staðreyndar heldur einnig þeim sem talsmennirnir kunna að hafa byggt sína staðreynd á.

Hins vegar byggist rannsóknin á því framlagi tengslanetafræðinnar að gerandi þarf ekki að vera lifandi vera. Latour (1987) bendir á að gagnrýnendur staðreyndar verði að andmæla þeim tækjum og tólum sem vísindamenn beita í rannsóknum sínum. Heimfært upp á þessa rannsókn, þá er reiknað með að þeir sem ábyrgir voru fyrir því að viðhalda íslenska fjármálakerfinu hafi myndað tengslanet sem hafði það hlutverk að verjast þeim sem gagnrýndu þá „staðreynd“ að það væri stöðugt. Því er þó ekki haldið fram að um skipulagt samstarf aðila hafi verið um að ræða. Hér er því sjónum beint að einstaklingum og þeim rökum sem þeir settu fram og eru slíkar upplýsingar rekjanlegar í sögulegum gögnum.

Rannsóknarspurningin er: *Hvernig lítur tengslanet verjenda stöðugleikans út? Það er, hvaða einstaklingar mynda það og hvaða rök eru notuð til varnar stöðugleikanum og hverjar eru tengingarnar þeirra á milli?* Áður en aðferðafræðilegri nálgun er lýst er fjallað um þær aðstæður sem rannsóknin beinist að.

Fjármálastöðugleiki íslenskra banka 2006 og gagnrýni Danske Bank

Árið 2006 höfðu íslenskir bankar starfað á frjálsum markaði í um áratug og þrjú ár voru liðin frá því að einkavæðingarferli ríkisbankanna lauk. Breytingin á eignarhaldi bankanna ýtti mjög undir vöxt þeirra en á sama tíma var ofgnótt ódýrs fjármagns að fá á alþjóðlegum fjármálamörkuðum (Þróstur Olaf Sigurjónsson, 2010a). Aðgangur íslenskra banka að erlendum skuldabréfamörkuðum var góður enda nutu þeir trausts sem mátti rekja til fyrirrennara þeirra, ríkisbankanna (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010; Ingimundur Friðriksson, 2008). Á einum tímapunkti (febrúar 2007) mat Moody's alla íslensku bankana með hæstu einkunn upp á AAA (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Þessi ákvörðun var reyndar gagnrýnd af sumum greiningaraðilum sem töldu íslenska fjármálakerfið langt frá því áhættulaust á þessum tíma (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Íslenska hagkerfið þandist út á sama tíma og slaki í ríkis- og peningamálum ýtti enn undir eftirspurn. Hafist var handa við stærstu verklegu framkvæmdir í sögu þjóðarinnar á þessu tímabili, Kárahnjúkavirkjun og byggingu Alcoa álversins á Reyðarfirði, en heildarfjárfesting framkvæmdanna á Austurlandi hefur verið metin um 30% af vergri landsframleiðslu (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Skattalækkanir á fyrirtækja voru ákvarðaðar en yfir 15 ára tímabil (1991-2006) lækkaði tekjuskattur fyrirtækja úr 50% í 15% (Viðskiptaráð Íslands, 2010). Þak á hámark útlána til einstaklinga var hækkað upp í 90% af verðmæti fasteignar á árinu 2004 sem ýtti mjög undir skuldsetningu heimila (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Einkavæðing íslenskra fyrirtækja skilaði 370 milljörðum íslenskra króna inn í hagkerfið og kvótakerfið um

350 milljörðum (Portes og Baldursson, 2007). Undir þessum kringumstæðum hóf Seðlabanki Íslands feril vaxtahækkana til að bregðast við þenslu. Í kjölfarið fór sífellt stærri hluti lánveitinga fram í erlendri mynt, bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Samningur Íslands um Evrópska efnahagssvæðið auðveldaði stífa markaðssókn íslensku bankanna erlendis (Már Guðmundsson, 2010). Á árinu 2000 var stærð íslensku bankanna minni en 100% af vergri landsframléiðslu en árið 2006 var hún orðin sexföld sú stærð (Seðlabanki Íslands, 2009). Einkavæddu bankarnir störfuðu fremur sem fjárfestingarbankar en hefðbundnir viðskiptabankar (Próstur Olaf Sigurjónsson, 2010b). Þeir fjárfestu með viðskiptavinum sínum, voru ráðgjafar þeirra og lánveitendur. Eftir tímabil samruna og yfirtaka stóðu þrír íslenskir bankar upp úr hvað stærð og markaðssvæði varðar: Landsbanki Íslands, Glitnir og Kaupþing.

Síðla árs 2005 og í byrjun árs 2006 hófu erlendir greinendur að lýsa áhyggjum sínum af stöðugleika íslensku bankanna (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Þeir lýstu áhyggjum sínum af getu bankanna til að viðhalda hröðum vexti, af áhættustýringu þeirra og fyrirtækjamenningu sem einkenndist af áhættusækni og skorti á gagnsæi hvað rekstur og eignarhald varðaði (Jännäri, 2009). Enda þótt skýrsla Danske Bank, sem kom út 21. mars 2006, væri ekki fyrsta greiningin til að birta gagnrýni á íslenska banka (Fitch Ratings (2006) og Merrill Lynch (2006), ásamt fleirum, gáfu út skýrslur áður), var gagnrýnin hvassari en áður (Próstur Olaf Sigurjónsson og Már Mixa, 2011). Frá titli skýrslunnar „Iceland: Geyser crisis”, til kröftugra staðhæfinga svo sem „On most measures, the small Icelandic economy is the most overheated in the OECD area”, (bls. 1), til samanburðar eins og „Iceland looks worse on almost all measures than Thailand did before its crisis in 1997”, (bls. 1), þá vakti skýrslan reiði margra Íslendinga (Ásgeir Jónsson, 2009). Vegna mikillar umræðu og viðbragða, sem skýrsla Danske Bank fékk, er þessari rannsókn beint að viðbrögðum við henni.

Reiðin, sem skýrslan vakti, á líklega að hluta til rót sína að rekja til þess að Danske Bank greinendur tóku annan pól í hæðina við mat á stöðu Íslands borið saman við aðra greiningaraðila. Eftir fjármálahrunið 2008 er ljóst að almennt vanmátu greiningaraðilar hættuna á fjármálaáföllum á þessum tíma (fyrir árið 2007). Skýrsla Danske Bank dró upp dökka mynd af íslenska hagkerfinu á þessum tíma, svo og stöðu atvinnulífs og heimila. Höfundar skýrslunnar fjalla um mikla ofhitnun hagkerfisins og styðja þá greiningu sína tölulegum gögnum um afar lágt stig atvinnuleysis, háan hagvöxt, mikla verðbólgu þrátt fyrir sterka stöðu íslensku krónunnar og jafnframt gera þeir met-viðskiptahalla við útlönd ítarleg skil. Tilraunum Seðlabanka Íslands til að dempa þensluna með hækkandi vöxtum var lýst. Í skýrslunni er jafnframt að finna umfjöllun um það sem höfundar telja vera mikla áhættusækni íslenskra banka og atvinnulífs og horfa þar meðal annars til þess hve mikið skuldsetning óx. Í þessu ljósi spáðu höfundar Danske Bank skýrslunnar umtalsverðum samdrætti í íslensku efnahagslífi á árunum 2006-7 og því að í kjölfarið myndi verða bankakreppa með brunaútsölu erlendra eigna (Danske Bank, 2006).

Önnur möguleg skýring á neikvæðum viðbrögðum margra íslenskra aðila við gagnrýni Danske Bank, kann að vera sú að margar rannsóknir sýna að greiningaraðilar hafa ekki alltaf reynst sannspáir, sérstaklega ekki þegar kemur að því að spá fyrir um

stóra atburði í efnahagslífinu (Mills og Pepper, 1999; Kári Sigurðsson og Örvar Guðni Arnarson, 2006; Katrín Ólafsdóttir og Kári Sigurðsson, 2010). Þetta kann að skýra að einhverju leyti þau sterku viðbrögð sem hörd gagnrýni Danske Bank vakti.

Það er vel þekkt að veikleikar í íslenska bankakerfinu stuðluðu meðal annars að bankahruninu haustið 2008 (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010; Vaiman, Davidsson og Sigurjonsson, 2010). Í efnahagshruninu, sem fylgdi í kjölfar bankahrunsins, horfðu margir til baka til atburðanna 2006. Þar sáu menn sterk viðvörunarmerki þó að mörgum sviði enn deilan við Danske Bank. Sem dæmi þá sagði seðlabankastjóri í ræðu: „It would have been much easier to reduce the size and the riskiness of the system in the conditions prevailing in 2006 than in 2008” (Már Guðmundsson, 2010). Á sama tíma skrifar aðalhaf fræðingur Kaupþings: „The Danske Bank analysts achieved their goal of becoming prominent Icelandic commentators on international newswires, and modesty was not one of their virtues” (Ásgeir Jónsson, 2009, bls. 77).

Þótt þær athugasemdir, sem vitnað er í hér að ofan, séu gerðar af eftirhyggju, þá skiptir sú staðreynd máli að deilan 2006 um fjármálastöðugleika á Íslandi er þýðingarmikil í umræðunni um íslenskan fjármáلامarkað. Þetta leiðir til næstu rannsóknarspurningar: *Hvaða þættir í tengslanetinu til varnar fjármálastöðugleika íslensku bankanna gerðu almenningi erfitt fyrir að meta hvort bankarnir stæðu traustum fótum árið 2006 eða ekki?*

Aðferð

Úrtak

Fjölmiðlafyrirtæki var ráðið til að safna öllum íslenskum dagblaðfréttum sem minnast á skýrslu Danske Bank á árinu 2006. Leitin leiddi til þess að 80 fréttir fundust á tímabilinu 22. mars til 13. desember 2006. Af þessum fréttum voru fjórar sem innihéldu engin rök (eins og hugtakið er skilgreint hér að neðan) og voru þess vegna ekki teknar með í greininguna. Alls var því stuðst við 76 fréttir frá 7 fréttamiðlum (sjá vísanir aftast merkt „Tilvitnanir í tímaritsgreinar“).

Kóðun

Eins og áður er getið þá felur tengslanetafræði í sér að gerendur geta verið einstaklingar eða hlutir sem notaðir eru til þess að setja fram staðreyndir. Í þessari rannsókn er litið til tveggja meginflokka gerenda en það eru annars vegar einstaklingar og hins vegar rökin sem þeir setja fram. Þetta tvennt býr til tengslanet sem verst gagnrýni á stöðugleika íslensks bankakerfis. Félagstengslagreiningin í þessari grein er því tvíþátta (e. two-mode network), annars vegar einstaklingarnir og hins vegar rökin sem þeir beita.

Í rannsókninni var beitt þeirri nálgun við kóðunina að fyrsti höfundur gerði skrá yfir allar birtar fréttir hvað persónur og rök þeirra varðar. Þar á eftir skilgreindu höfundar sameiginlega kóða til að styðjast við. Í framhaldinu fór einn höfundanna í gegnum allar fréttirnar og kóaði þær. Hinir höfundarnir tveir fóru þar á eftir yfir þá niðurstöðu. Að lokum fóru höfundarnir allir yfir athugasemdir hvers og eins og sam-mældust um kóðunina.

Kóðunin tók til tveggja þátta í greiningu á tengslanetinu: einstaklinga og raka. Einstaklingar voru greindir á tvo vegu: eftir þjóðerni og starfsheiti. Það þýðir að einstaklingur getur verið Dani (d), Íslendingur (i) eða af öðru þjóðerni (o). Starfsheiti voru fundin með því að rýna í fréttirnar og hvaðan viðkomandi einstaklingar komu. Einstaklingur getur verið hagfræðingur eða greinandi í banka (n), stjórnandi í banka (b), stjórnandi en ekki í banka (x), stjórnmalamaður eða starfsmaður í stjórnsýslu (p), fræðimaður í háskóla (h) eða annað (o). Dagblöð voru jafnframt greind (d) ef ritstjóri eða blaðamaður var að koma rökum á framfæri.

Með þessari aðferð var komið auga á 47 Íslendinga, 7 Dani og 3 aðra í 76 fréttagreinum. Tafla 1 veitir upplýsingar um þá einstaklinga sem tjáðu sig um skýrslu Danske Bank árið 2006.

Tafla 1. Einstaklingar sem tjáðu sig um skýrslu Danske Bank.

	Íslendingur	Dani	Annarrar þjóðar
Stjórnandi í banka	6	2	0
Greinandi í banka	12	3	0
Stjórnmalamaður	7	0	0
Dagblað	7	0	0
Fræðimaður	5	1	2
Stjórnandi	8	1	1
Aðrir	2	0	0

Rök eru réttlætning, tilgátur eða hugmyndir sem fólk heldur fram, hvort sem það eru áskorendur, verjendur eða aðrir aðilar umræðunnar. Rökin eru hér greind í þrjá flokka: rök sem byggja á upplýsingum úr skýrslu Danske bank eða úr öðrum skýrslum, rök sem byggja á tilfinningum og rök sem eru tillögur eða hugmyndir til íhugunar. Þessi flokkun var fengin með því að greina og raða saman einstökum rökum í fréttum. Tafla 2 sýnir flokkunina og þær skammstafanir sem notaðar eru til kóðunar raka og hversu oft þau koma fyrir í fréttum. Rök byggð á skýrslum telja 53% af heild, tilfinningaleg rök 38% og tillögur/hugmyndir 9% af heild. Rök sömu tegundar eru aðeins talin einu sinni í hverri frétt. Rök einstaklings eru með sama hætti talin aðeins einu sinni í hverri frétt.

Tafla 2. Kóðun raka sem beitt var í fjölmiðlum um skýrslu Danske Bank.

Byggt á skýrslu, n = 83	Skammstöfun	Fjöldi
Efnahagslegir-tæknilegir þættir	Efnþþ	32
Röng túlkun upplýsinga	Rtúlkq	19
Notkun rangra gagna	Notkrq	10
Skortur á notkun réttra gagna	Snotkrq	4
Rangur samanburður	Rangsamb	9
Skýrslur stangast á	Skýrslstan	5
Hæpin aðferðafræði	Hæðaðf	4

Tilfinningar, n = 60

Útlendingar þekkja ekki Íslendinga og íslenskar aðstæður	Þeisl	21
Danir öfunda Íslendinga	Döfundai	13
Danir eru samkeppnisaðilar Íslendinga	Dsamk	3
Íslendingar eru áhættusæknir	Íáhættus	6
Íslendingar eru reiðir út í Dani og aðra	Íreiðir	3
Fjölmíðlar hafa hagsmuna að gæta í frétttaflutningi	Fjölmíðlh	9
Það er spilling á Íslandi	Spillí	5

Tillögur / hugmyndir, n = 14

Íslenskir bankar ættu að sýna meira gagnsæi í rekstri og bæta upplýsingaflæði	Gagnsæi	4
Íslenskir eftirlitsaðilar, almenningur og stofnanir ættu að gæta betur að víðfeðmi kross-eignarhalds í íslensku viðskiptalífi	Krosseign	4
Stjórnendur íslenskra banka standa andspænis mörgum hagsmunaaðrekstrum	Hagsmár	3
Það má draga í efa hæfni stjórnenda íslenskra banka	Hæfislstj	3

Tímabil

Til þess að gera grein fyrir hvernig tengslanetið varð til og þróaðist er greiningin gerð fyrir tvö tímabil:

- Fyrsta vikan í kjölfarið á útgáfu skýrslu Danske bank (vika 1, alls 31 frétt)
- Vika 2 og út árið 2006 (45 fréttir)

Þessi skipting var ákveðin í ljósi þess að stór hluti fréttanna kom út strax í kjölfar birtingar skýrslunnar fyrstu vikuna (41%). Þessi tímamunktur skiptir því miklu máli fyrir tilurð tengslanetsins.

Greining*Alyktanir vegna greiningar á tvíþátta tengslaneti*


Tvíþátta tengslanet getur gefið innsýn inn í formgerð og virkni tengslanets umfram það sem einþátta tengslanet getur (Hanneman og Riddle, 2005). Á sama tíma er erfðara að ráða í tvíþátta tengslanet en einþátta. Vegna takmarkana á megindlegri greiningu tvíþátta tengslanets (Hanneman og Riddle, 2005), þá byggist megindlega greiningin hér á því að skipta tvíþátta tengslanetinu í tvö einþátta tengslanet, eitt fyrir

einstaklinga og annað fyrir rök. Eigindlega greiningin nýtir á hinn bóginn bæði einþátta og tvíþátta greiningu á tengslanetinu.

Stutt dæmi gæti hjálpað lesendum að skilja hvernig aðferðarfræðinni er beitt. Reiknið með að eftirfarandi þrjú einstaklingar komi fram með rökin hér á eftir:


Einstaklingur	Rök
Jón	Verðbólga er ekki eins mikil og skýrslur segja. Höfundar skýrslunnar þekkja ekki til Íslands.
Helga	Höfundar skýrslunnar þekkja ekki til Íslands.
Hrafn	Verðbólga er ekki eins mikil og skýrslur segja. Höfundar skýrslunnar öfunda Íslendinga.

Tvíþátta tengslanet sýnir bæði einstaklingana og rökin sem punkta. Sjá mynd 1 fyrir myndrana lýsingu á tengslanetinu.



Mynd 1.

Einþátta tengslanet, sem er byggt upp af einstaklingum, sýnir aðeins einstaklinga sem punkta. Eins og mynd 2 sýnir, þá er Jón tengdur Helgu vegna þess að báðir einstaklingar segja: „Höfundar skýrslunnar þekkja ekki til Íslands.“ Með sama hætti þá eru Jón og Hrafn tengdir með rökum byggðum á verðbólgu en Helga og Hrafn eru ekki tengd því að rök þeirra eru ekki þau sömu.



Mynd 2.

Seinni einþátta tengslamyndin, sem sýnd er á mynd 2, birtir rök sem punkta. Hér má skýra tengslin sem rök sem sami einstaklingur setur fram. Það er að segja rökin: „Höfundar skýrslunnar þekkja ekki til Íslands“, eru tengd „Verðbólga er ekki eins mikil og skýrslur gefa til kynna“, þar sem Jón setur fram hvor tveggja rökin. Eins og mynd 2 sýnir þá eru tengingarnar tvær en „Höfundar skýrslunnar öfunda Íslendinga“ er ótengd „Höfundar skýrslunnar þekkja ekki Ísland“. Rökin þurfa ekki að koma fyrir í sömu frétt til að teljast vera tengd. Til að mynda þá þarf Hrafn ekki að hafa komið fram með sömu rök í sömu frétt eða sama dag.

Mælikvarðar fyrir meginlega greiningu

Margir mælikvarðar eru fyrir hendi þegar félagsnetagreiningu er beitt. Höfundar kjósa að nota tvær tegundir mælinga. Sú fyrri tekur yfir mælikvarða á formgerð tengslanetsins. Undirliggjandi mælikvarðar taka til þess hversu tengdir einstaklingar í tengslanetinu eru, hvort það er tilhneiging til þess að hópar myndist og hvort tengingar séu helst á milli einstaklinga innan sama hóps eða milli hópa. Mælikvarðarnir, sem notaðir eru hér, eru: þéttleiki, samþjöppun, seiling, þyrping og kjarni. Tafla 3 veitir yfirlit yfir skilgreiningar á mælikvörðunum, byggt á Hanneman og Riddle (2005).

Tafla 3. Mælikvarðar fyrir formgerð tengslanets.

Heiti	Enskt heiti	
Þéttleiki	Density	Hlutfall mögulegra tenginga, í heild eða fyrir hóp
Samþjöppun	Compactness	Umfang samloðunar
Seiling	Reach	Fjöldi einstaklinga sem eru tengdir ákveðnum einstaklingi innan ákveðins fjölda skrefa
Þyrping	Clustering	Tilhneiging í þá átt að þyrping verði til
Kjarni	Core	Tilhneiging til þess að einn hópur myndist

Hin tegund mælikvarða, sem notuð var, snýr að einstaklingunum innan tengslanetsins og styður það þannig við þá mælikvarða sem vísað var til hér að ofan (þeim sem snúa að formgerð tengslanetsins). Þessir mælikvarðar snerta allir hugtakið miðlægi. Miðlægur einstaklingur í þessu samhengi er sá einstaklingur sem setur fram rök sem hátt hlutfall annarra í tengslanetinu setja líka fram. Þetta gæti gerst ef einstaklingur setur fram rök sem margir aðrir setja fram eða viðkomandi hefur einfaldlega sett fram mörg rök.

Miðlæg rök eru með sama hætti rök sem hátt hlutfall einstaklinga hefur sett fram eða rök sem tengir saman mjög marga einstaklinga. Miðlægir mælikvarðar, sem notaðar eru í þessari rannsókn, eru nánd, flæði milli einstaklinga, Bonacich-afl, Freeman-gráður og Freeman-tenging. Tafla 4 gefur yfirlit yfir miðlæga mælikvarða og skilgreiningar samkvæmt Hanneman og Riddle (2005).


Tafla 4. Miðlægir mælikvarðar.

Heiti	Enskt heiti	
Nánd	Closeness	Staðal-summa fjarlægða frá geranda til allra annarra geranda.
Bonacich-afl	Bonacich power	Tengingar milli geranda og annarra geranda sem hafa háan fjölda tenginga.
Flæði milli einstaklinga	Flow betweenness	Hlutfall allra tenginga milli geranda sem fela í sér miðlægan geranda.
Freeman- gráður	Freeman degrees	Fjöldi tenginga sem einstaklingur hefur.
Freeman- tenging	Freeman betweenness	Hlutfall beinna tenginga milli miðlægs geranda og annarra geranda.


Höfundar nota hugbúnaðinn UCINET (Borgatti, Everett og Freeman, 2002) fyrir megindlega greiningu gagna. Teikningar af tengslanetum eru unnar með NetDraw (Borgatti, 2002).

Niðurstöður


Eiginleg greining tengslanets fyrir viku 1. Í fyrstu vikunni eftir birtingu skýrslu Danske bank var gefin út 31 dagblaðfrétt með athugasemdum og viðbrögðum við skýrslunni. Þessar fréttir tóku til 28 einstaklinga sem komu fram með alls 13 rök. Tvíþátta tengslanetið, tengslanet einstaklinga og raka, er sýnt á mynd 3. Á mynd 4 er einþátta tengslanet fyrir einstaklinga sýnt og á mynd 5 er einþátta tengslanet fyrir röksemdir sýnt (fyrir fyrstu viku).



Mynd 3.



Mynd 4.



Mynd 5.

Tvíþátta tengslanetið, sem sýnt er á mynd 3, gefur til kynna mikilvægi, bæði raka byggða á skýrslum og líka tilfinningum. Þar kemur í ljós að fjöldi fólks leggur fram efnahagslegar-tæknilegar (efntþ) röksemdir, ásamt ásökunum um að gögn séu misskilin gögn (rtúlkgr) og röng gögn notuð (notkrg). Til viðbótar þessum rökum byggðum á staðreyndum skýrslna eru ásakanir um öfund Dana (döfundal) og að Danir þekki ekki til aðstæðna á Íslandi (þeisl) sem báðar eiga heima undir tilfinningum. Rétt er að vekja athygli á því að þessi síðustu rök eru helst notuð af stjórnmálamönnum (íp) og þeir hjálpa til við að tengja þessi tilfinningalegu rök við efnahagsleg-tæknileg rök. Rök byggð á skýrslum virðast koma langmest fyrir hjá greinendum banka (dn, in). Þetta þarf ekki að vera óeðlilegt þar sem fyrstu athugasemdir um tæknilega skýrslu Danske bank eru líklegar til að koma frá öðrum greinendum.

Ef tengslanetið fyrir einstaklinga í fyrstu viku (mynd 4) er skoðað sést að nokkuð af tengingum eru nú fyrir hendi, það er að segja, margir einstaklingar nota sömu rök. Greinendur í banka virðast standa fyrir einn skýrt afmarkaðan hóp, meðan stjórnmálamenn eru við jaðarinn með rök sem tengja einstaklinga sem annars myndu ekki tilheyrja tengslanetinu. Stjórnendur (x) og ritstjórar / fréttamenn (b) hafa ekki á þessu stigi komið sterkt inn í myndina.

Að lokum sýnir tengslanet raka fyrir fyrstu viku (mynd 5) að rök byggð á tilfinningum og á skýrslum eru þegar orðin vel tengd – það er að segja, það eru einstaklingar sem koma fram með báðar tegundir af rökum. Aðeins ein tilmæli birtast á þessu stigi, það er nauðsynin á meira gagnsæi og frekari upplýsingum frá bönkunum (gagnsæi).

Megindleg greining á tengslanetinu í fyrstu viku. Lýsingin á tengslanetunum er meira sjónræn en greinandi. Megindlegar aðferðir eru því notaðar til þess að fá nánari greiningu á tvíþátta tengslanetunum.

Greining á tengslaneti einstaklinga sýnir að það er hóflega þétt (57% allra mögulegra tenginga eru fyrir hendi) og nokkuð samþjappað (77%), og það gefur til kynna að auðvelt sé að fara frá einum „enda“ tengslanetsins til annars. Reyndin er sú að einn fjórði einstaklinga í tengslanetinu getur náð þremur fjórðu þess í einu skrefi – það er að segja, fjórðungur einstaklinganna hefur sett fram að minnsta kosti ein rök sem þrjú fjórðu einstaklinganna í tengslanetinu hafa sett fram. Þyrping er mjög há (87%), það er því sterk tilhneiging til þess að hópar myndast. Hægt er að segja um næstum alla einstaklingana (92%) að þeir séu í einum hópi. Á sama tíma eru 82% einstaklinga með 80% eða meira af sameiginlegum rökum meðal einstaklinga sem gegna ekki sömu stöðu og þeir. Samantekt er birt í Töflu 5.

Tafla 5. Tengslanet einstaklinga fyrstu viku.

	Vika 1 (n = 28)
Þéttleiki	57%
Samþjöppun	77%
% sem nær 75% af öðrum í einu skrefi	25%
Þyrping	87%
% einstaklinga í kjarna	92%
% einstaklinga með 80% eða fleiri tengingar utan þeirra eigin hóp	82%

Greining á tengslanetinu fyrir rök sýnir svipaðar niðurstöður. Tengslanetið er hóflega þétt (58%) og talsvert samþjappað (78%). Tæplega fjórðungur raka (23%) er tengdur þremur fjórðu annarra raka í einu skrefi en það þýðir að næstum 1/4 raka eru tengd 75% annarra raka í gegnum einstaklinga í tengslanetinu. Eins og fyrr, þá er tilhneiging til þyrpingar sterk (81%), með 38% raka í einum hópi sem er algjörlega tengdur. Þegar fólk setur fram fleiri en ein rök, þá eru 38% þeirra raka tengd 80% eða fleiri rökum sem voru ekki af sömu tegund (efnahagsleg-tæknileg, tilfinningar eða tillögur/hugmyndir). Lýsing á þessu er gefin í fyrsta dálki í töflu 6.

Tafla 6. Tengslanet raka fyrstu viku.

	Vika 1
(n = 13)	
Þéttleiki	58%
Samþjöppun	78%
% sem nær 75% af öðrum í einu skrefi	23%
Þyrping	81%
% einstaklinga í kjarna	38%
% einstaklinga með 80% eða fleiri tengingar utan þeirra eigin hóp	38%

Megindleg greining á tengslaneti einstaklinga fyrir fyrstu viku. Eins og áður var rætt eru fimm ólíkir mælikvarðar notaðir til þess að greina hvaða einstaklingar og hvaða rök eru miðlæg fyrir viðkomandi tengslanet.

Niðurstöður fyrir „miðlæga einstaklinga“ eru teknar saman í töflu 7. Þrátt fyrir að enginn einstaklingur skori hátt á öllum mælikvörðum miðlægni í fyrstu viku, þá eru nokkrir áberandi. Sérstaklega eru það fjórir greinendur (in1, in5, in11, og in13) og einn stjórnmalamaður (ip6) sem skora hátt á þremur af fimm mælikvörðum.

Tafla 7. Miðlægir einstaklingar fyrstu viku.

Vika 1	Nánd	Bonacich- afl	Flæði milli einstaklinga	Freeman- gráður	Freeman- tenging
ib			2, 7		7
in	1, 4, 5, 11, 13	1, 5, 11, 13		1, 5, 11, 13	
ip	6	6	4, 8	6	4, 7, 8
id					
ih	4				
Allar vikur					
ib	7	7	7	7	7
in	1, 4, 5, 11, 13	1, 11, 13		1, 5, 11, 13	
ip	6		4	6	
id	2, 7	2	2, 7	2, 7	2, 7
ih	4	4	4, 5	4	4, 5

ib=íslenskur stjórnandi í banka, in=íslenskur greinandi í banka, ip=íslenskur stjórnmalamaður,
 ih=íslenskur fræðimaður.

Á sama tíma falla að bæði tilfinningaleg rök og rök byggð á skýrslum við mælikvarðann miðlæg rök. „Danir þekkja ekki Íslendinga“ skorar hátt á öllum fimm miðlægu mælikvörðunum sem og „Skortur á notkun réttra upplýsinga“. „Danir öfunda Íslendinga“, „Túlkun gagna er röng“ og „Röng gögn eru notuð“ eru jafnframt áberandi í tengslaneti raka. Miðlæg rök eru sýnd í töflu 8.


Tafla 8. Miðlæg rök fyrstu viku.

	Nánd	Bonacich- afl	Flæði milli einstaklinga	Freeman- gráður	Freeman- tenging
þeisl	1	1	1	1	1
döfundai			1		1
snotkrq	1	1	1	1	1
rtúlg	1	1		1	
notkrq		1			

þeisl= útlendingar þekkja ekki Íslendinga og íslenskar aðstæður, döfundai=danir öfunda íslendinga,
 snotkrq=skortur á notkun réttra gagna, rtúlg= röng túlkun upplýsinga, notkrq=notkun rangra gagna.

Eigindleg greining í annarri viku og til loka tímabilsins

Þessi kaflí og sá næsti taka til þess hluta tengslanetsins sem nær yfir allt tímabilið 2006 (frá útgáfu skýrslu Danske Bank til loka ársins). Í lok þess tímabils samanstóð tengslanetið af 57 einstaklingum og 18 röksemdum úr 76 fréttum. Tvíþátta tengslanetið er birt á mynd 6. Tengslanetið yfir einstaklinga er birt á mynd 7 og svo á mynd 8 er birt tengslanet fyrir rök. Eins og reikna má með hefur myndin (mynd 6) orðið flóknari frá fyrstu viku. Rök bæði byggð á skýrslum og tilfinningum eru margs konar, eins og tengingarnar við „Danir þekkja ekki Íslendinga” (þeisl), „aðferðir fjölmiðla eru vafasamar” (fjölmiðlh), og „gögn eru mistúlkuð” (rúlkkg) sýna. Fleiri athugasemdir og tilmæli birtast hvað viðkemur áhyggjum af bönkunum. Sumir greinendur (dn og in) virðast tengdir í gegnum marga „punkta” meðan aðrir virðast fyrst og fremst tengdir í gegnum efnahagsleg og tæknileg rök. Með sama hætti virðast stjórnálamenn (íp) vera annars vegar mjög miðlægir og hins vegar þeir sem tengjast á fáum stöðum. Öðrum stjórnendum en þeim sem vinna í banka (ix), fjölgar en margir þeirra virðast



Mynd 6.

vera á útjaðri tengslanetsins, tengdir aðeins í gegnum ein eða fá rök. Dagblöðum (ritstjórar og blaðamenn) (id) fjölgar einnig frá fyrstu viku en eru almennt ekki vel tengd inn í tengslanetið.

Tengslanetið fyrir allar vikur yfir fólk (mynd 7) styður þá hugmynd sem varð til í fyrstu vikunni. Það sem stendur upp úr þegar tengslanetið fyrir fólk er skoðað (mynd 7) er hversu flækjustigið hefur aukist og sérstaklega hve miklar tengingar eru í kringum einn hóp, greinendur í bönkum. Annar vel tengdur hópur birtist á hægri hlið netsins þar sem stjórnmalamenn er að finna. Út við jaðrana eru dagblöð, almennir stjórnendur og einn eða tveir fræðimenn (ih).

Megindleg greining á tengslanetinu í lok tímabilsins.

Tengslanetið, sem nær yfir allar vikur fyrir einstaklinga, sýnir þéttleika að meðallagi (52%) og háa samþjöppun (76%). Tuttugu og eitt prósent einstaklinga getur náð þremur fjórðu tengslanetsins í einu skrefi – það er að segja eru tengdir í gegnum rök 75% annarra í tengslanetinu. Þyrping er há (87%), sem og að tilheyra hópi (84% einstaklinga). Hátt hlutfall einstaklinga hefur 80% eða meira af sameiginlegum rökum með einstaklingum sem ekki eru í sambærilegu starfi (greinendur, stjórnendur í banka, aðrir stjórnendur o.s.frv.). Þetta er sýnt í töflu 9.

Tafla 9. Tengslanet einstaklinga fyrir fyrstu viku og allt tímabilið.

	Vika 1 (n = 28)	Allar vikur (n = 57)
Þéttleiki	57%	52%
Samþjöppun	77%	76%
% sem nær 75% af öðrum í einu skrefi	25%	21%
Þyrping	87%	87%
% einstaklinga í kjarna	92%	84%
% einstaklinga með 80% eða fleiri tengingar utan þeirra eigin hóp	82%	89%

Tengslanetið fyrir allar vikur vegna raka verður þéttara en í fyrstu vikunni (70% vs 58%) og samþjöppun sömuleiðis (85% vs 78%). Það er umtalsverð aukning þess hlutfalls raka sem er tengt 75% tengslanetsins í einu skrefi (55%), það er að segja, fleiri rök eru sett fram sem tengjast öðrum rökum sama einstaklings. Myndun þyrpingar helst há (80%) en myndun kjarna eykst upp í 67% raka. Það er umtalsverð aukning þess hlutfalls raka sem tengjast 80% eða fleiri rökum ekki af sömu tegund (efnahagsleg-tæknileg, tilfinningaleg eða hugmynd). Tafla 10 sýnir þetta.

Tafla 10. Tengslanet raka fyrir fyrstu viku og allt tímabilið.

	Vika 1 (n = 13)	Allar vikur (n = 18)
Þéttleiki	58%	70%
Samþjöppun	78%	85%
% sem nær 75% af öðrum í einu skrefi	23%	55%
Þyrping	81%	80%
% raka í kjarna	38%	67%
% raka með 80% eða fleiri tengingar utan þeirra eigin hóp	38%	94%

Megindleg greining á einstaklingum í lok tímabilsins.

Eins og raunin varð í fyrstu viku, þá má kalla nokkra einstaklinga (úr ólíkum störfum) „miðlæga” í tengslaneti fyrir allt tímabilið. Sérstaklega skora íb7, in1, in11, in13, iz2, íb7, ih4, og dn2 hátt á að minnsta kosti þremur af fimm mælikvörðum fyrir „miðlægi”. Tafla 11 sýnir þessar upplýsingar.

Tafla 11. Miðlægi einstaklinga yfir allt tímabilið.

Vika 1	Nánd	Bonacich- afl	Flæði milli einstaklinga	Freeman- gráður	Freeman- tenging
íb			2, 7		7
in	1, 4, 5, 11, 13	1, 5, 11, 13		1, 5, 11, 13	
ip	6	6	4, 8	6	4, 7, 8
id					
ih	4				
Allar vikur					
íb	7	7	7	7	7
in	1, 4, 5, 11, 13	1, 11, 13		1, 5, 11, 13	
ip	6		4	6	
id	2, 7	2	2, 7	2, 7	2, 7
ih	4	4	4, 5	4	4, 5

Íb=íslenskur stjórnandi í banka, in=íslenskur greinandi, ip=íslenskur stjórnmálamaður, id=íslenskur blaðamaður, ih=íslenskur fræðimaður.

Í tengslanetinu fyrir rök yfir allt tímabilið, þá skora 4 af 18 rökum hátt á að minnsta kosti þremur af fimm miðlægis mælikvörðum og þrenn þessara raka („Danir þekkja ekki Íslendinga,” „Gögn eru mistúlkuð,” og efnahags-tæknileg) vega þungt á öllum fimm mælikvörðunum. Eins og var í fyrstu vikunni, þá er um að ræða blöndu af rökum byggðum á skýrslum og tilfinningum. Tafla 12 sýnir niðurstöðurnar.

Tafla 12 . Miðlæg rök yfir allt tímabilið.

	Nánd	Bonacich- afl	Flæði milli einstaklinga	Freeman- gráður	Freeman- tenging
þeisl	1, lok	1, lok	1, lok	1, lok	1, lok
döfundai			1		1
fjölmiðlh	lok	lok		lok	
snotkrq	1	1	1	1	1
rtúlkq	1, lok	1, lok	lok	1, lok	Lok
efntþ	lok	lok	lok	lok	Lok
notkrq		1			

Þeisl=útlendingar þekkja ekki Íslendinga og íslenskar aðstæður, döfundai=Danir öfunda Íslendinga, fjölmiðlh=fjölmiðlar hafa hagsmuni að gæta í fréttafloftningi, snotkrq=skortur á notkun réttra gagna, rtúlkq=röng notkun upplýsinga, efntþ=efnahagslegir-tæknilegir þættir, notkrq=notkun rangra gagna. 1= fyrsta vika, lok=allt tímabil frá og með 2 viku eftir útkomu Danske Bank skýrslu

Umræður

Greiningin sýnir hvers vegna erfitt var að veita hugmyndinni um fjármálastöðugleika mótstöðu. Ef litid er til fyrstu viku eftir að Danske Bank skýrslan kemur út þá sést að bæði tengslanet fólks og tengslanet raka í lok eru þétt, samþjöppuð og sýna tilhneigingu til myndunar þyrpinga. Talsverður hluti bæði einstaklinga og raka ná yfir allt tengslanetið í einu skrefi. Kjarni beggja tengslaneta er stór og þéttur.

Þessar niðurstöður sýna að margt fólk er tengt í gegnum svipuð rök og margs konar rök eru tengd af því að þau koma frá sama/sömu einstaklingi/einstaklingum. Fólk og rök mynda stóra kjarna en það þýðir að ekki eru margir sem koma fram með aðeins ein eða fá rök. Rök byggð á skýrslum eru líkleg til að vera gerð samhliða tilfinningalegum rökum meðan rök af öðrum tegundum eru líklegri til að vera sett fram af fólki af öðrum starfsvettvangi.

Greiningin á miðlægi gefur til kynna að hátt hlutfall fólks getur talist mikilvægt tengslanetinu þar sem það kemur fram með margar röksemdir eða kemur fram með rök sem margir aðrir nota. Það fólk, sem getur talist miðlægt, kemur frá fjórum ólíkum hópum: greinendur í banka, stjórnendur í banka, stjórnmalamenn og fræðimenn. Á sama tíma virðast rök byggð á skýrslum og tilfinningum vera miðlæg.

Niðurstaðan er sú að strax við tilurð tengslanetsins í kringum hugmyndina um „fjármálastöðugleika“ varð netið svo þétttriðið að hver sem hefði áhuga á að gagnrýna þá hugmynd að íslenskir bankar væru stöðugir myndi hafa þurft að fella burt marga ólíka einstaklinga frá ólíkum hópum og fella burt bæði tæknileg og tilfinningaleg rök. Með öðrum orðum, gagnrýnandinn þyrfti ekki aðeins að fella burt stjórnmalamenn eða stjórnendur banka þar sem hver hópur hefur sinn miðlæga einstakling né gæti gagnrýnandinn fellt burt aðeins tilfinningaleg eða tæknileg rök. Gagnrýnandinn þyrfti að takast á við þetta tvennt.

Niðurstöður fyrir allt tímabilið styðja við niðurstöður fyrstu viku. Tengslanetið

fyrir einstaklinga ber mjög svipuð einkenni og í fyrstu viku. Þetta er athyglisvert, þar sem fjöldi gerenda meira en tvöfaldast milli þessara tveggja tímabila. Tengslanet raka býr núna yfir meiri þéttleika og stærri og þéttriðnari kjarna. Einkenni niðurstaðna, sem fengust í fyrstu viku, halda áfram út tímabilið: tengsl ólíkra hópa einstaklinga eru nánin og þeir koma fram með rök bæði byggð á skýrslum og tilfinningum. Erfiðleikar þeirra sem vildu gagnrýna hugmyndina um fjármálastöðugleika íslensku bankanna hófust strax við birtingu skýrslu Danske bank og hélst til loka ársins. Gagnrýnendur áttu ekki auðvelt með að afla viðhorfum sínum fylgis því að þeir hefðu þurft að brjóta á bak aftur vogarafl margra ólíkra aðila (greinenda, stjórnmalamanna, ritstjóra, bankastjóra og fræðimanna) og hefðu þurft að bregðast við rökum sem ekki aðeins voru byggð á skýrslum heldur einnig tilfinningum.

Heilt á litid þá voru gagnrýnendur líklegir til þess að uppgötva að erfitt væri að koma auga á einn hóp stuðningsmanna eða eina tegund af rökum sem grundvöll fullyrðingarinnar um fjármálastöðugleika. Jafnframt var erfitt að brjóta upp tengslanetið og koma þannig að nýrri nálgun. Andstæð viðhorf áttu erfitt uppdráttar. Þó er rétt að geta þess að niðurstöðurnar þurfa ekki að gefa til kynna að nokkur hafi vísitandi reynt að blekkja fólk. Greining sem þessi getur ekki gert grein fyrir hvata nokkurs aðila og þó að margir hópar einstaklinga komi fram með sömu eða áþekkt rök þarf það ekki að þýða samsæri. Það þarf heldur ekki að þýða að nokkur hafi komið fram með rangfærslur.

Rannsóknin hefur bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Fræðilega hefur hér verið sýnt hvernig félagstengslafræði getur myndast til þess að verjast áskorun um „staðreynd“. Sýnt hefur verið hvernig rök (sem ekki eru lifandi gerendur) gegna mikilvægu hlutverki í tengslaneti og aðstoða við að útskýra þol tengslanets. Áhugaverð rannsókn væri að greina hvort tengslanet eins og þetta verður til sem viðbrögð við gagnrýni eða hvort tengslanetið er í raun þegar til en birtist við gagnrýnina. Rannsóknin sýnir jafnframt hvernig form tengslaneta getur verið mælt.

Hvatinn að því að nota íslenskar aðstæður sem rannsóknarvettvang er að Ísland gefur mynd af þjóðfélagi sem er að mörgu leyti þéttriðid. Það má telja að aðstæður, eins og hér hefur verið lýst, geti verið að finna í mörgum öðrum þéttriðnum samfélögum af ýmsum stærðum. Gagnrýnendur, sem eru „utan“ samfélagsins hvað „staðreyndir“ varðar, eru líklegir til þess að standa andspænis varnar-tengslaneti. Svo lengi sem tilfinningaleg rök (svo sem „þeir skilja okkur ekki“ og „þeir öfunda okkur“) og rök byggð á gögnum eru hluti af tengslanetinu (og það frá ólíkum hópum samfélagsins), þá munu aðrir í samfélaginu eiga erfitt með að koma böndum yfir það hvort það, sem haldið er fram sem „staðreynd“, sé það í raun og veru. Það er afar hagnýtt að geta teiknað slíkt tengslanet með fljótum og öruggum hætti, helst þegar þau eru enn í mótun. Slíkt gæti varpað ljósi á þá aðila sem hagsmuni hafa af viðfangsefninu og hvers kyns rökin eru. Til að mynda gæti það gagnast bæði almenningi, löggjafanum og eftirlitsaðilum að skilja hvernig tengingar eru milli stjórnarmanna og atvinnulífs, milli fyrirtæka og fjölmiðla, milli stjórnmalamanna og fjölmiðla og svo framvegis.

Annað hagnýtt gildi rannsóknarinnar varðar það hvernig almenningur er upplýstur. Ef þeir sem eru ábyrgir fyrir rekstri flókinna kerfa (til dæmis stjórnendur banka og

stjórnámálamenn) hafa tilhneigingu til að taka til varnar og ef þeir hafa sett fram blöndu af rökum, byggðum á gögnum og tilfinningum, kann almenningur að hafa litla möguleika til að skilja á milli þess sem er satt og ekki satt. Ein leið til að bregðast við er að koma á fót hópi sérfræðinga sem gegnir hlutverki túlkenda þeirra raka sem beitt er í umræðunni. Þessi hópur getur haft hlutverk eins konar „gerðardóms“, með þeirri mikilvægu undantekningu að hópurinn styður ekki málstað nokkurs aðila en myndi hafa það hlutverk að kynna rök með hlutlausum hætti. Hvernig hópur sem þessi myndi starfa er hluti af framtíðarrannsóknum. Starfsemin þyrfti að eiga sér stað áður en áföll dynja yfir. Hópnum þyrfti að vera treyst af hagsmunaaðilum í samfélaginu og ógnin af hagsmunaaðrekstrum má ekki vera fyrir hendi.

Heimildir

- Ásgeir Jónsson (2009). *Why Iceland?* New York: McGraw-Hill.
- Borgatti, S. (2002). *NetDraw: Graph Visualization Software*. Harvard, Massachusetts: Analytic Technologies.
- Borgatti, S.P., Everett, M.G. og Freeman, L.C. (2002). *UCINET 6 for Windows: Software for Social Network Analysis*. Harvard, Massachusetts: Analytic Technologies.
- Callon, M. (1986). „Some elements of a sociology of translation: Domestication of the scallops and the fishermen of St. Brieuc Bay“. Í John Law (ritstj.), *Power, Action and Belief: A New Sociology of Knowledge?* (bls. 196 – 229). Keele: Sociological Review Monographs.
- Danske Bank (2006). *Iceland: Geysir Crisis*. København: Danske Bank.
- Fitch Ratings (2006). „Fitch revises Iceland's outlook to negative on widening macro imbalances“. Sótt 12. apríl 2011 á <http://cb.is/?pageid=287&NewsID=1124&templateid=12>.
- Fleck, L. (1979). *Genesis and Development of a Scientific Fact*. Chicago: University of Chicago Press.
- Hanneman, R.A. og Riddle, M. (2005). *Introduction to Social Network Methods*. Sótt 12. apríl 2011 á <http://faculty.ucr.edu/~hanneman/>.
- Ingimundur Friðriksson (2008). Íslenskur þjóðarbúskapur og fjármálakerfi í apríl 2008. Sótt 1. júní af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6322>.
- Jännäri, K. (2009). Report on banking regulation and supervision in Iceland: Past, present and future. Sótt 28. maí af http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/frettir/KaarloJannari_2009_Final.pdf.
- Kári Sigurðsson og Örvar Guðni Arnarson (2006). Er eitthvert vit í ráðgjöf greiningardeildanna? *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 5(1), 59-86.
- Katrín Ólafsdóttir og Kári Sigurðsson (2010). Hversu vel tekst til með verðbólguþspár greiningardeilda? *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 7(1), 41-54.
- Latour, B. (1987). *Science in Action*. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.
- Latour, B. (2005). *Reassembling the Social*. New York: Oxford University Press.
- Law, J. (2009). „Actor network theory and material semiotics“. Í Bryan S. Turner (ritstj.), *The New Blackwell Companion to Social Theory* (bls. 141 – 158). Chichester, England: Wiley-Blackwell.
- Már Guðmundsson (2010). „The financial crisis in Iceland and the fault lines in cross-border banking“. Sótt 12. apríl 2011 á <http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7592>
- Merrill Lynch (2006). *Icelandic banks: Not what you are thinking*. Sótt 14. apríl 2011 á <http://notendur.hi.is/ajonsson/kennsla2006/Merrill%20Lynch%20-%20Icelandic%20Banks.pdf>.

- Mills, T.C. og Pepper, G.T. (1999). Assessing the forecasters: An analysis of the forecasting records of the Treasury, the London Business School and the National Institute. *International Journal of Forecasting*, 15, 247-257.
- Portes, R. og Baldursson, F.M. (2007). The Internationalisation of Iceland's Financial Sector. Reykjavik: Viðskiptaráð Íslands.
- Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengdra atburða. Páll Hreinsson, Sigríður Benediktisdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.).
- Sedlabanki Íslands (2009). Fjármálastöðugleiki 2009. Sótt 12. apríl af <http://sedlabanki.is/lislib/getfile.aspx?itemid=7350>.
- Vaiman, V., Sigurjonsson, T.O. og Davíðsson, P. (2011). „Weak Business Culture as Antecedents of Economic Crisis: The Case of Iceland“. *Journal of Business Ethics*, 98(2), 67-83.
- Vaiman, V., Davíðsson, P. og Sigurjonsson, T.O. (2010). „Revising a Concept of Corruption as a Result of the Global Economic Crisis – The Case of Iceland“. Í A. Stachowicz Stanusch (ritstj.), *Organizational Immunity to Corruption. Building Theoretical and Research Foundations* (bls. 363-372). Katowice: The Katowice Branch of the Polish Academy of Science.
- Viðskiptaráð Íslands (2010). Skattkerfi atvinnulífsins – tillögur til úrbóta. Sótt 31. maí 2011 á http://www.vi.is/files/2010.09.21-Skattkerfi-atvinnulifisins_96890470.pdf.
- Þröstur O. Sigurjónsson (2010a). „Privatization and Deregulation: A Chronology of Events“. Í R.Z. Aliber og Gylfi Zoega (ritstj.), *Preludes to the Icelandic Financial Crisis* (bls. 26-50). London: Palgrave Macmillan.
- Þröstur O. Sigurjónsson (2010b). „The Icelandic Bank Collapse: Challenges to Governance and Risk Management“. *Corporate Governance: The International Journal of Business in Society*, 10(1), bls. 33-45.
- Þröstur O. Sigurjónsson og Már Mixa (2011). „Learning from the „Worst Behaved“. Iceland's Financial Crisis and Nordic Comparison“. *Thunderbird International Business Review*, 53(2), 209-224.

Tilvitnanir í tímaritsgreinar (eftir birtingarröð)

- Arnór Ólafsson (2006). Hætta á samdrætti og fjármálakreppu. *Morgunblaðið*, 22. mars, bls.1.
- Arnór Ólafsson (2006). Den Danske bank dregur upp dökka mynd. *Morgunblaðið*, 22. mars, bls. 4.
- Óli Ármannsson (2006). Danske bank spáir kreppu hér á árinu. *Fréttablaðið*, 22. mars, bls.4.
- Fréttamaður (2006). Morandi í rangfærslum og fantasíum. *Viðskiptablaðið*, 22. mars, bls 1.
- Fréttamaður (2006). Greinir hagkerfið eins og gengið er fast. *Viðskiptablaðið*, 22. mars, 2.
- Ritstjóri (2006). Jafnvægi að komast á. *Viðskiptablaðið*, 22. mars, bls.14.
- Ritstjóri (2006). Danske bank getur út svarta skýrslu um íslenskan efnahag. *Blaðið*, 22. mars, bls. 2.
- Jakob Bjarnar (2006). Landsbankastjóri missir ekki svefn. *DV*, 22. mars, bls.8.
- Fréttamaður (2006). Aftur valda Danir Kauphallarhruni. *DV*, 22. mars, bls. 8.
- Fréttamaður (2006). Skýrsla Danske bank harkarlegt samkeppnisviðbragð. *Morgunblaðið*, 23. mars.
- Fréttamaður (2006). Meginniðurstöður Danske bank. Umhugsunarefni hvað bankanum gengur til: Uppfyllir ekki kröfur um fagleg vinnubrögð. *Morgunblaðið*, 23. mars, bls.8.
- Sara R. Jónsdóttir (2006). Dönskum fyrirtækjum finnst að sér þrengt. *Morgunblaðið*. 23. mars, bls. 10.
- Fréttamaður (2006). Af íslenskri hógværd og lítillati. *Morgunblaðið*, 23. mars, bls. 23.

- Haflíði Helgason (2006). Standa fast við sína skoðun. *Fréttablaðið*, 23. mars, bls. 4.
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (2006). Misskilja hagkerfið. *Fréttablaðið*, 23. mars, bls. 28.
- Óli Kristján Ármannsson (2006). Skrif Danske Bank illa ígrunduð. *Fréttablaðið*, 23. mars, bls. 29.
- Fréttamaður (2006). Fjármálaráðuneytið gagnrýnir Danske Bank. *Morgunblaðið*, 24. mars, bls. 14.
- Óli Kristján Ármannsson (2006). Segja spáin sé hrakspá. *Fréttablaðið*, 24. mars, bls. 6.
- Fréttamaður (2006). Vandinn á Íslandi er velferðarvandamál. *Víðskiptablaðið*, 24. mars, bls. 6.
- Hörður Kristjánsson (2006). Sjálfsmynd Dana gagnvart Íslendingum farin að rispast. *Víðskiptablaðið*, 24. mars, bls. 12.
- Fréttamaður (2006). Frjálslega farið með staðreyndir. *Blaðið*, 24. mars, bls. 6.
- Óli Kristján Ármannsson (2006). Kreppuástand ekki í aðsigi. *Fréttablaðið*, 25. mars, bls. 13.
- Fréttamaður (2006). Ísland mun sigla milli skers og báru. *Morgunblaðið*, 25. mars, bls. 18.
- Fréttamaður (2006). Danir tapa fé á Íslandi. *Fréttablaðið*, 25. mars, bls. 24.
- Fréttamaður (2006). Danir tala um brunauðsölu. *Fréttablaðið*, 26. mars, bls. 4.
- Pétur Blöndal (2006). Ekkert nýtt að aðrir séu vantrúaðir á getu lítillar þjóðar. *Morgunblaðið*, 26. mars, bls. 10.
- Ritstjóri (2006). Reykjavíkurbref. *Morgunblaðið*, 26. mars, bls. 38.
- Sigurgeir O. Sigurgeirsson (2006). Danska heygardshornið. *Morgunblaðið*, 26. mars, bls. 49.
- Fréttamaður (2006). Bankar þola gagnrýnina. *Fréttablaðið*, 27. mars, bls. 14.
- Ritstjóri (2006). Nefrennsli en engin lungnabólga. *Markaðurinn*, 29. mars, bls. 8.
- Auðbjörg Ólafsdóttir (2006). Þeir segja mest frá Ólafi konungi sem hafa hvorki heyrnt hann né séð. *Víðskiptablaðið*, 29. mars, bls. 12.
- Fréttamaður (2006). Velgengni, ekki yfirvofandi hrun. *Víðskiptablaðið*, 31. mars, bls. 6.
- Hólmfríður Helga Sigurðardóttir (2006). Bæta þarf upplýsingagjöf fyrirtækja. *Fréttablaðið*, 6. apríl, bls. 30.
- Fréttamaður (2006). Ísland að bráðna. *Blaðið*, 10. apríl, bls. 6.
- Sigurhanna Kristinsdóttir (2006). Sagður hafa hagnast um 270 milljónir á stöðutökunni. *Morgunblaðið*, 12. apríl, bls. 18.
- Eggert Þór Aðalsteinsson (2006). Mælt með helstu keppinautum. *Fréttablaðið*, 12. apríl, bls. C2.
- Brjánn Jónsson (2006). Seðlabankanum falið að kanna sannleiksgildi orðróms. *Morgunblaðið*, 13. apríl, bls. 6.
- Ritstjóri (2006). Reykjavíkurbref. *Morgunblaðið*, 16. apríl, bls. 34.
- Svavar Hávarðsson (2006). Dómdagsspá ítrekuð. *Fréttablaðið*, 21. apríl, bls. 4.
- Svavar Hávarðsson (2006). Evran engin skyndilausn. *Fréttablaðið*, 21. apríl, bls. 4.
- Fréttamaður (2006). Mikill þrýstingur. *Morgunblaðið*, 21. apríl, bls. 28.
- Fréttamaður (2006). Trúa á mjúka lendingu. *Fréttablaðið*, 22. apríl, bls. 12.
- Fréttamaður (2006). Spá fjármálaráðuneytisins of bjartsýn. *Víðskiptablaðið*, 28. apríl, bls. 4.
- Fréttamaður (2006). Hefur ekki áhrif á fjármögnunargetu bank. *Víðskiptablaðið*, 3. maí, bls. 2.
- Ritstjóri (2006). Ekki nóg að láta verkin tala. *Víðskiptablaðið*, 3. maí, bls. 14.
- Haflíði Helgason (2006). Efnahags- og fjármálakerfi standa traustum fótum. *Fréttablaðið*, 4. maí, bls. 4.
- Ólafur Ísleifsson (2006). Bankar í kröppum dansi. *Vísibending*, 7. apríl, bls. 3.
- Ritstjóri (2006). Spurning um trúverðugleika. *Vísibending*, 21. apríl, bls. 1.
- Fréttamaður (2006). Hver er hræddur við Mishkin? *Fréttablaðið*, 6. maí, bls. 12.

- Fréttamaður (2006). Íslendingar eru ekki hræddir við áhættu. *Viðskiptablaðið*, 10. maí, bls. 22.
- Fréttamaður (2006). Danske bank skiptir ekki um skoðun. *Morgunblaðið*, 11. maí, bls. B4.
- Fréttamaður (2006). Blendin umfjöllun. *Fréttablaðið*, 12. maí, bls. 28.
- Fréttamaður (2006). Spá 50-100 punkta hækkun í næstu viku. *Viðskiptablaðið*, 12. maí, bls. 4.
- Jónas Haraldsson (2006). Fjör í frændgarði. *Viðskiptablaðið*, 12. maí, bls. 15.
- Fréttamaður (2006). Mishkin áhrifin. *Fréttablaðið*, 17. maí, bls. C24.
- Guðmundur Magnússon (2006). Lausfjáráhætta bankanna. *Vísibending*, 12. maí, bls. 3.
- Fréttamaður (2006). Auknar líkur á harðri lendingu. *Morgunblaðið*, 7. júní, bls. 52.
- Eggert Aðalsteinsson (2006). Krónan fellur vegna umsagnar S&P. *Fréttablaðið*, 7. júní, bls. D1.
- Fréttamaður (2006). Krafa um frið og ró. *Morgunblaðið*, 8. júní, bls. B15.
- Fréttamaður (2006). Mishkin mætir Dönnunum í Kaupmannahöfn. *Viðskiptablaðið*, 16. júní, bls. 4.
- Fréttamaður (2006). Gagnrýni á íslenskt efnahagslíf óréttmæt. *Morgunblaðið*, 24. júní, bls. 14.
- Auðbjörg Ólafsdóttir (2006). Góðar móttökur allsstaðar. *Viðskiptablaðið*, 28. júní, bls. 6.
- Óli Kristján Ármannsson (2006). Styrkingu krónunnar spáð á næsta ári. *Fréttablaðið*, 5. júlí, bls. C2.
- Sigurhanna Kristinsdóttir (2006). Hætta á frekari veikingu krónu. *Morgunblaðið*, 12. júlí, bls. 12.
- Auðbjörg Ólafsdóttir (2006). Öldurnar lægi. *Viðskiptablaðið*, 9. ágúst, bls. 4.
- Fréttamaður (2006). Slá stóru dönsku bönkunum við. *Fréttablaðið*, 24. ágúst, bls. 30.
- Fréttamaður (2006). Holótt leið að jafnvægi og mjúkri lendingu. *Viðskiptablaðið*, 30. ágúst, bls. 4.
- Fréttamaður (2006). Landsbankinn orðaður við Irish Nationwide. *Viðskiptablaðið*, 8. september, bls. 2.
- Fréttamaður (2006). Vaxtasjokk á Íslandi. *Morgunblaðið*, 16. september, bls. 16.
- Sigurður M. Jónsson (2006). Við reynum að vera aðeins öðruvísi. *Viðskiptablaðið*, 27. október, bls. 12.
- Sigríður Dögg Auðunsdóttir (2006). Velti vöngum yfir fundi Romans Abramovitsj og Ólafs Ragnars. *Fréttablaðið*, 31. október, bls. 1.
- Fréttamaður (2006). Margfaldur misskilningur. *Viðskiptablaðið*, 1. nóvember, bls. 1.
- Haflíði Helgason (2006). Verðum að verjast lyginni sjálf. *Markaðurinn*, 1. nóvember, bls. 12.
- Ingibjörg Sveinsdóttir (2006). Engin áhrif á markaðinn. *Blaðið*, 2. nóvember, bls. 12.
- Eggert Aðalsteinsson (2006). Lítill hlutur útlendinga í íslensku bönkunum. *Fréttablaðið*, 8. nóvember, bls. B2.
- Kristján Einarsson (2006). Segir líkur á auknu aðhaldi. *Morgunblaðið*, 24. nóvember, bls. 14.
- Jón G. Hauksson (2006). Hafa Íslendingar ekki þorað? *Frjáls verslun*, 22. nóvember, bls. 6.
- Jafet Ólafsson (2006). Fjármálageirinn sterkur. *Fréttablaðið*, 13. desember, bls. 12.